

**Ed.**

**639. Frumvarp til laga**

[11. mál]

um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

**1. gr.**

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvisitölu 106.18 stig, sem hér segir:

1. Á laun, sem eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvisitölu 106.18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra. Bætur á yfirvinnukaup greiðist hlutfallslega þannig að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.
2. Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvisitölu 106.18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem kauptaxtinn er hærri en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.  
Bætur á hvern yfirvinnutíma greiðast á þessu taxtabili í sama hlutfalli við bætur á dagvinnulaun og greindi í 1. lið þessarar greinar.
3. Á hærri laun greiðast ekki launajöfnunarbætur. Hækkun grunnlauna um 3% hinn 1. desember 1974 og enn um 3% hinn 1. júní 1975 hefur þó engin áhrif á greiðslur launajöfnunarbóta skv. 1. og 2. tölulið þessarar greinar eða hækkun grunnlauna í samræmi við samninga heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins.

**2. gr.**

Setja skal reglugerð um ákvörðun launajöfnunarbóta skv. 1. gr. Við samningu reglugerðarinnar skal haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir reglulega dagvinnu, sem ákveðinn er með álagi á annan lægri taxta, eða sem hlutfall af hærri taxta, að jafnan sé miðað við hinn endanlega taxta, en ekki þann grunn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíráðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti, sem það kann að vera hærri en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagsálags.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum, til ákvörðunar launajöfnunarbótar, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirliggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks. Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna í liðnum mánuði.

**3. gr.**

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli búvöru, sbr. lög nr. 101/1966, skulu hækka vegna launajöfnunarbóta um 5.5% og skal sú hækkun haldast til 31. maí 1975 og þar til annað verður ákveðið.

**4. gr.**

Hækkun sú á búvöruverði til bænda, sem hlýst af hækkun skv. 3. gr., skal ekki greidd út í hlutfalli við framleiðsluverðmæti, heldur jafnað þannig til bænda, að hún gagnist eingöngu hinum tekjulægri í þeirra hópi með líkum hætti og launajöfnunarbætur launþega skv. lögum þessum. Heimilt er, að setja reglugerð um innheimtu og úthlutun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast úthlutun launajöfnunarbóta samkvæmt 1. málsgr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um launajöfnunarbætur til bænda:

1. Launajöfnunarbætur greiðast þeim einum, er reka bú á lögbyli. Einstaklingar, sem eru aðilar að félagsbúi samkvæmt mati úthlutunarnefndar, hafa sama rétt til launajöfnunarbóta og aðrir bændur. Hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, stofnanir og aðrir ópersónulegir aðilar eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum.
2. Aðeins framleiðendur nautgripaafurða, sauðfjárafurða og kartaflna eiga rétt á launajöfnunarbótum.
3. Aðilar, sem í árslok 1974 voru með minni bú eða búshluta en svarar 60 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé, eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum. Sama gildir um aðila með bú, sem á árinu 1974 gaf bónda og skylduliði hans hærri vinnulaunatekjur af nautgripa- og/eða sauðfjáreign en svarar til meðal vinnulauna af 500 ærgilda búi í nautgripum og/eða sauðfé, samkvæmt útreikningi og ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Kartöfluframleiðendur 1974, sem eru utan fyrrgreindra marka varðandi búfjáreign, eiga rétt á launajöfnunarbótum eftir reglum, er Framleiðsluráð landbúnaðarins setur.
4. Búvöruframleiðendur, sem á árinu 1974 höfðu tekjur af atvinnu utan landbúnaðar, skulu — ef þeir fullnægja settum skilyrðum að öðru leyti — fá greiddar skertar launajöfnunarbætur samkvæmt mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
5. Réttur til launajöfnunarbóta er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi telji tekjur sínar og eignir 1974 fram til skatts á fullnægjandi hátt að dómi Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimlt að takmarka eða fella niður launajöfnunarbætur til búvöruframleiðenda, sem eru með hærri fyrningarfrádrátt á skattframtali en reiknað er með í verðlagsgrundvelli búvöru, enda sé bústofn þeirra stærri en svarar 500 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé. Nú rekur aðili fleiri en eitt bú, og skal þá litið á þau sem eina heild við ákvörðun launajöfnunarbóta.

Umsóknir um launajöfnunarbætur skulu sendar Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir lok frests, er hún ákveður. Afrit af skattframtali 1975 skal fylgja hverri umsókn. Umsóknir mega vera í formi ljósrits af framtali (þ. e. almennu skattframtali og landbúnaðarskýrslu), sem skattstjóri sendir Framleiðsluráði landbúnaðarins með áritun um, að hlutaðeigandi sæki um að fá greiddar launajöfnunarbætur. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður nánari tilhögun umsókna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður fjárhæðir launajöfnunarbóta, er skulu vera breytilegar eftir hæð vinnutekna af búrekstri 1974, innan þess ramma, sem ákveðin er í þessari grein, og í sem fyllstu samræmi við þau ákvæði, sem gilda um launajöfnunarbætur til launþega, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og reglugerð nr. 267/1974, um launajöfnunarbætur.

5. gr.

Greiðsla fjölskyldubóta, sbr. 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 62/1974, skal á tímabilinu 1. október til 30. júní 1975 miðuð við það, að árlegur fjölskyldubætur með barni séu 20 000 kr.

6. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972 og nr. 62/1974, aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur og tekjutrygging skv. 19. gr., skulu taka breytingum sem hér segir:

Frá 1. október 1974 skulu þær hækka um 6% frá því, sem í gildi var í sept. 1974.

Frá 1. desember 1974 skulu þær hækka um 3% frá því, sem í gildi var í nóv. 1974.

Frá 1. apríl 1975 skulu þær hækka um 9% frá því, sem í gildi var í mars 1975.

Frá 1. júlí 1975 skulu þær hækka enn um 3% frá því, sem í gildi var í júní 1975.

Breytingar þessar skulu einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Þannig verði fullur, árlegur ellilífeyrir einstaklinga, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, sem hér segir, eftirgreind tímabil, miðað við að lífeyrir sé fyrst tekinn við 67 ára aldur:

Frá 1. október 1974 til 30. nóvember 1974 .....	155 400 kr.
Frá 1. desember 1974 til 31. mars 1975 .....	160 068 —
Frá 1. apríl 1975 til 30. júní 1975 .....	174 480 —
Frá 1. júlí 1975 .....	179 760 —

#### 7. gr.

Fjárhæðir 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, og lög nr. 62/1974, skulu vera sem hér segir eftirgreind tímabil:

	1. okt. 1974 til 30. nóv. 1974 kr.	1. des. 1974 til 31. mars 1975 kr.	1. apríl 1975 til 30. júní 1975 kr.	Frá 1. júlí 1975 kr.
1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbót- ar á lífeyri (tekjutryggingar):				
Einstaklingar .....	41 300	41 300	45 000	46 380
Hjón .....	74 340	74 340	81 000	83 460
2. Uppbót á lífeyri (tekjutrygging) á ári:				
Einstaklingar .....	93 900	96 720	141 120	145 380
Hjón .....	169 020	174 096	238 620	245 760
3. Hafi bótapegi aðrar tekjur, sbr. 1., umfram fjárhæðirnar, sem tilgreindar eru í 1., skal skerða uppbótina um ákveðinn hundraðshluta af tekjum umfram nefnd mörk sem hér segir: .....	50%	51.5%	55%	55%

#### 8. gr.

Breytingar bóta almannatrygginga skv. 6. og 7. gr. skulu m. a. koma í stað breytinga skv. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1971, af tilefni launajöfnunarbóta skv. lögum þessum, 3% almennrar hækkunar grunnlauna 1. desember 1974, launahækkunar skv. samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda frá 26. mars 1974 og 3% almennrar hækkunar grunnlauna frá 1. júní 1975.

#### 9. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið skulu niðurgreiðslur vöruverðs úr rikissjóði ekki vera lægri en þær eru við gildistöku laga þessara.

#### 10. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé

frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

#### 11. gr.

Fjárfestingarlánasjóður endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með samþætilegum kjörum og þeir njóta sjálfir. Á þetta við um vaxtakjör (að viðbættum eðlilegum vaxtamun), lánstíma, lántökukostnað, gengisákvæði, sé um erlent lánsfé að ræða, og verðtryggingarákvæði sé fjárens aflað á þeim grundvelli. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns í tilteknum lánaflokkum, er ákvarðast af því, hve stór hluti verðtryggt eða gengistryggt fé er af heildarráðstöfunarfé sjóðanna. Jafnframt skal tryggja hæfilega ávöxtun eigin fjár þeirra.

Ríkisstjórnin lætur fram fara árlega endurskoðun á lánskjörum sjóðanna, sbr. ákvæði 1. málsg. og skal þá hafa hliðsjón af samtengingu þess fjármagns, sem sjóðirnir hafa yfir að ráða. Skal slík endurskoðun fyrst fara fram fyrir 15. júní n. k., vegna ársins 1975.

Ríkisstjórnin skal, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, setja meginreglur um lánskjör allra opinberra fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsg.

Stjórnir sjóða þeirra, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur um lánskjör innan ramma meginreglnanna skv. 3. málsg. Að fengnum þeim tillögum skal ríkisstjórnin taka endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

#### 12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

#### 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir árslok 1975 skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra láta fram fara könnun:

- a) á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og skal könnunin bæði ná til einstaklinga og hjóna, er njóta elli- og örorkulífeyris.

Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga.

- b) á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra. Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun barnalífeyris.